

Flokkun

í Reykhólahreppi



Við hugsum áður en við hendum

Ávarp sveitarstjóra

Kæru íbúar.

Í nokkur ár hefur íbúum Reykhólahrepps staðið til boða að flokka sorpið sitt og skila verðmætum endurvinnanlegum úrgangi á endurvinnusvæði Reykhólahrepps á Reykhólum þar sem honum hefur verið pakkað og hann fluttur úr sveitarfélaginu til frekari meðferða.

Löngun hefur verið til þess að færa þjónutuna nær íbúum, sérstaklega þeirra sem búa í dreifbýlinu. Sveitarstjórn Reykhólahrepps ákvað á fundi sínum þann 11. mars 2020 að ganga til samninga við Íslenska gámafélagið um sorpþjónustu í sveitarfélaginu. Nýtt fyrirkomulag tekur því gildi í lok maí og verður úrgangur og endurvinnanlegt efni nú sótt að öllum heimilum.

Sveitarstjórn tók einnig ákvörðun um að sveitarfélagið útvegaði íbúunum flokkunartunnur fyrir heimilin. Á dögnum hafa íbúum verið afhentar flokkunartunnurnar til eignar í von um að íbúar taki vel í verkefnið og haldi áfram að leggja sitt af mörkum í flokkun úrgangs í umhverfislegu sjónamiði og vegna þeirra verðmæta sem í úrganginum felst. Um er að ræða þrískipt flokkunarkerfi. Grátunna fyrir blandaðan úrgang, græntunna fyrir allt endurvinnanlegt efni og brúntunna fyrir lífrænan úrgang.

Við vitum að við búum í heimi þar sem auðlindirnar eru takmarkaðar, síðustu árin hefur neysluhyggja og sóun auðlinda verið flestum okkur áhyggjuefni sem og loftlagsmálin. Urðun sorps verður dýrari og dýrari og urðunarpláss dýrmætara.

Sveitarfélagið hefur síðustu árin verið að stíga skref í átt að aukinni sjálfbærni í verkefninu Earth Check og hefur nú hlotið silfuvottun nokkur ár í röð. Verkefnið er margþætt og snýr að því hvernig sveitarfélagið nýtir þær auðlindir sem það notar í starfsemi sinni.

Fyrirtækjum í sveitarfélaginu eru umhverfismálin mikilvæg og vinna þau að sínum umhverfismálum og einstaklingar líka, því engin vill láta sitt eftir liggja. Þannig hjálpumst við að við sameiginlegt verkefni okkar allra.

Ingibjörg Birna Erlingsdóttir
sveitarstjóri

Mikilvægi endurvinnslu

Allar þær umbúðir og annað sem við notum við okkar daglega líf er unnið úr hráefnum sem eiga sér uppruna í náttúrunni. Plast er t.d. unnið úr olíu, málmar unnir úr námum með tilheyrandi jarðraski og tré felld til að framleiða pappír og pappa.

Markmið endurvinnslu er búa til hringrás sem miðar að því að draga úr

frumvinnslu hráefna og minnka þannig álag á auðlindir jarðar. Þannig má einnig draga úr urðun úrgangs, því að með urðun tapast bæði efni og orka úr hringrásinni.



Flokkun til endurvinnslu stuðlar að hringrás hráefna og minni auðlindanotkun. Sem dæmi má nefna að fyrir hvert tonn af pappír sem fer í endurvinnslu sparast um 17 fullvaxin tré og 26.000 lítrar af vatni. Auk þess fer mun minni orka í að endurvinna hráefni en við frumvinnslu þess. Endurvinnsla áls þarfnast t.d. einungis 5% þeirrar orku sem þarf við frumvinnslu áls.

Það er því til mikils að vinna og nú með innleiðingu þriggja tunnu kerfi Íslenska Gámafélagsins geta íbúar sveitarfélagsins lagt sitt af mörkum með því að halda þessari hringrás gangandi. Þriggja tunnu kerfið er einfalt, skilvirkt og er skýrt nánar í þessari handbók.

Bestu kveðjur frá starfsfólki Íslenska Gámafélagsins.

Þriggja tunnu kerfið

Græna tunnan

Í þessa tunnu má losa plastumbúðir, dagblöð og tímarit, fernur og sléttan pappa, skrifstofupappír, bylgjupappa og smáa málmhluti. Nánar um flokkun í Grænu tunnuna má sjá á miðopnu. Innihald Grænu tunnunnar fer til frekari flokkunar hjá ÍGF og þaðan í endurvinnslu erlendis þar sem hráefnið er að lokum nýtt til að búa til nýja hluti.


Brúna tunnan

Þessi tunna er fyrir lífrænan eldhúsúrgang, þ.e. matarleifar, afskorin blóm, kaffikorg og fleira. Nánar um flokkun í Brúnu tunnuna má sjá á miðopnu. Innihald Brúnu tunnunnar fer til jarðgerðar og því er afar mikilvægt að nota eingöngu maíspoka fyrir þennan úrgangsflokk þar sem plast brotnar ekki niður í jarðgerðinni.

Gráa tunnan

Í þessa tunnu á eingöngu að fara það hráefni sem ekki fellur í skilgreindan endurvinnsluferil, óhreint hráefni og hlutir úr blönduðu hráefni sem ekki er hægt að aðskilja. Innihald Gráu tunnunnar er urðað í Fíflholti. Urðun fylgir mikill kostnaður fyrir sveitarfélagið og því mikilvægt að halda þessum úrgangsflokki í lágmarki.

Hvað verður um hráefnið sem fer í Grænu tunnuna?




Jarðgerð

Nú geta íbúar Reykhólahrepps flokkað lífrænan eldhúsúrgang í Brúnu tunnuna. Afar mikilvægt er að ekkert plast fari með í Brúnu tunnuna þar sem að það endar þá í jarðgerðinni og sjálfri moltunni. Það þarf því að nota jarðgeranlega (e. compostable) poka fyrir þennan úrgangsflokk.

Í jarðgerðinni er lífræni eldhúsúrgangurinn blandaður húsdýraáburði og timburkurli og lagður í múga sem eru huldur timburkurli. Vinnslan er loftháð og múgunum er snúið reglulega til að fá loft að úrganginum. Jarðgerðarferlið tekur um 6 mánuði en þá er úrgangurinn hættur að vera úrgangur og orðinn að moltu sem hægt er að nota sem jarðvegsbæti í landgræðslu og skógrækt eða sem yfirlag í trjábeð.



Hvað verður um hráefnið sem fer í Brúnu tunnuna?



Flokkunartafla

Græna tunnan



Í Grænu tunnuna fara endurvinnanlegar umbúðir úr plasti, pappír, pappi og smáir málmhlutir. Til að hægt sé að endurvinna umbúðir þurfa þær að vera hreinar. Það er því mikilvægt að tæma og hreinsa matarleifar úr umbúðunum, annars eiga þær heima með almennu sorpi.

Bylgjupappi



Allir pappakassar sem hafa bylgjaðar brúnir, t.d. pizzakassar og flutningskassar

Dagblöð og tímarit



Dagblöð, tímarit, umslög, skrifstofupappír og annar prentpappír

Sléttur pappi/fernur



Fernur og aðrar umbúðir úr sléttum pappa, t.d. morgunkornspakkar, eggjabakkar og hólfar innan úr pappirsúllum

Plastumbúðir



Allar umbúðir úr hörðu eða mjúku plasti, t.d. plastpokar, hreinsiefnabrusar, skyrdósir og plastfilma

Málmur



Smáhlutir úr málm, t.d. niðursuðudósir, álpappír, krukkulok og sprittkertakoppar

~~X~~ Má ekki fara

Óhreinar umbúðir
Leikföng
Frauðplast
Raftæki
Geisladiskar og dvd diskar
Tannburstar
Plastmöppur
Bókunarpappír
Lyfjaspjöld
Umbúðir undan spilliefnum

ATHUGIÐ! ENGAN SKAÐLEGAN ÚRGANG

Í Grænu tunnuna er bannað að henda oddhvössum hlutum s.s. hnífum, gleri, nálum og öðrum hættulegum og/eða sóttmengudum varningi sem getur skaðað umhverfi og fólk.



Flokkunartafla

Brúna tunnann



Í Brúna tunnuna fer lífrænn eldhúsúrgangur sem fellur til í eldhúsum heimila og fyrirtækja. Nauðsynlegt er að setja lífrænan úrgang í máispoka áður en hann er settur í tunnuna. Úr Brúna tunnunni fer lífræni eldhúsúrgangurinn í jarðgerð og honum umbreytt í moltu sem t.d. er hægt að nýta í landgræðslu.



Ávextir og grænmeti



Ostur og annað álegg



Brauð



Hrisgrjón ofl. kornmeti



Kaffikorgur og kaffifilter



Tepokar

X Má ekki fara

Plast
Bleyjur
Sláturúrgangur
Dýrasaur
Kattasandur
Ryksugupokar
Eyrnapinnar
Bómullarhnoðrar



Eggjaskurn



Eldaðir fiskafgangar



Pasta og kartöflur



Eldaðir kjötafgangar



Afskorin blóm



Eldhúspappír



Tannstönglar

Sorphirðudagatal Reykhólahrepps 2021

júli						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
				1	2	3
4	5	6	7	8	9	10
11	12	13	14	15	16	17
18	19	20	21	22	23	24
25	26	27	28	29	30	31





ágúst						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
1	2	3	4	5	6	7
8	9	10	11	12	13	14
15	16	17	18	19	20	21
22	23	24	25	26	27	28
29	30	31				

september						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
			1	2	3	4
5	6	7	8	9	10	11
12	13	14	15	16	17	18
19	20	21	22	23	24	25
26	27	28	29	30		

október						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
					1	2
3	4	5	6	7	8	9
10	11	12	13	14	15	16
17	18	19	20	21	22	23
24	25	26	27	28	29	30
31						

nóvember						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
	1	2	3	4	5	6
7	8	9	10	11	12	13
14	15	16	17	18	19	20
21	22	23	24	25	26	27
28	29	30				

desember						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
			1	2	3	4
5	6	7	8	9	10	11
12	13	14	15	16	17	18
19	20	21	22	23	24	25
26	27	28	29	30	31	

 Græna tunnan - endurvinnslufni
 Gráa tunnan (almennt sorp) og brúna tunnan (lífrænt) tekin saman í tvöfaldan bíl
 Brúna tunnan lífrænt (aukalosun að sumri)
 Heyrúlluplast

ENDURVINNSLUSTÖÐ OPNUNARTÍMI

Mánudagar og miðvikudagar : 15:00—17:00

Laugardagar: 11:00—13:00

Lokað á stórhátíðardögum

Dæmi um úrgangsflokka sem tekið er á móti á Endurvinnslustöðinni

- Almennt sorp
- Bylgjupappi
- Dagblöð, pappír, fernur
- Grófur úrgangur
- Hjólbarðar
- Spilliefni
- Málmar
- Rafhlöður, rafgeymar og raftæki

GÓÐ RÁÐ VIÐ FRÁGANG Á HEYRÚLLUPLASTI

Til að hægt sé að endurvinna heyrúlluplast þarf plastið að vera hreint og laust við hey, net, bönd og aðra aðskotahluti þegar því er safnað. Hér að neðan eru góð ráð við frágang á heyrúlluplasti

- Hrista hey og annað lauslegt úr plastinu.
- Taka frá net og baggabönd og setja með almennu sorpi.
- Hafa plastið hreint til að hægt sé að endurvinna það. Ef plastið er blautt og skítugt er æskilegt að þurrka plastið í 1-2 daga og hrista það síðan til að losa öll aðskotaefni af plastinu.
- Þjappa plastinu saman í viðráðanlegar einingar.
- Geyma heyrúlluplastið á aðgengilegum stað fyrir starfsmann ÍGF þegar það er sótt. Mikilvægt að velja stað þar sem plastið helst hreint og þurrt.



1. Leggja plastið niður.



2. Setja plast inn í plast.



3. Brjóta plastið saman.



4. Rúlla plastinu upp.



5. Binda saman.



6. Ganga frá plastinu.

Net, bönd og önnur óhreinindi þarf að flokka frá og skila með almennu sorpi

Staðsetning og umhirða íláta



Gott er að hafa í huga að fjarlægð íláta frá götu sé ekki mikil eða valdi sorphirðufólki óþarfa álagi við hirðu. Best er að hafa ílát sem næst götu og í tunnuskýlum.



Yfirfull ílát geta skapað vandræði við losun. Hætta er á að vargfugl komist í úrganginn eða innihald tunnunnar fari að fjúka um. Umfram heimilisúrgangi má skila á endurvinnslusvæði.



Að vetri er ætlast til að íbúar moki frá tunnum og hálkuverji. Erfitt er að draga ílátin í miklum snjó auk þess sem háлка getur verið varasöm.



Það er á ábyrgð íbúa og fyrirtækja að ílátin séu tryggilega fest. Einnig er æskilegt að hreinsa þau eftir þörfum. Það kemur í veg fyrir að óhreinindi safnist fyrir í ílátinu og skapi ólykt.



EarthCheck vottun



Reykólahreppur hefur, ásamt sveitarfélögunum á Vestfjörðum, hlotið umhverfsvottun frá EarthCheck, sem er alþjóðleg umhverfsvottun fyrir ferðapjónustu. EarthCheck á rætur að rekja í samþykktir Heimsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um umhverfi og þróun sem haldin var í Ríó 1992 og er ætlað að styðja við umhverfsvæna ferðapjónustu.

Þessi vottun gerir kröfu um mælanlegar framfarir á 12 sviðum sem eru kallaðir sjálfbærnisvar og er markmið þeirra að stuðla að bættri frammistöðu sveitarfélaganna í umhverfismálum. Þessir vísar fjalla meðal annars um; innkaup, orkunotkun og -nýtingu, vatnsnotkun og -nýtingu, sorpförgun, flokkun til endurvinnslu ásamt fleirum þáttum. Náttúrustofa Vestfjarða heldur utan um upplýsingarnar um sjálfbærnisvísu sveitarfélaganna og skilar þeim síðan til EarthCheck.

Nýlega var staðfest að sveitarfélögin á Vestfjörðum hafa náð EarthCheck vottun sjötta árið í röð og fá því silfurvottun. Næsta skref er því gullvottun, sem næst með því að fá vottun 10 ár í röð. Með því að stuðla að frekari flokkun til endurvinnslu í Reykólahreppi er stigið enn eitt skrefið í átt að aukinni sjálfbærni í sveitarfélaginu.





Nánari upplýsingar um sorphirðu, endurvinnslustöð og fleira er að finna á heimasíðu Reykhólahrepps, www.reykholar.is